

26. Grein - Fastaráð BÍS

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 26. grein um fastaráð BÍS

26. GREIN - FASTARÁÐ BÍS

26. Grein laga BÍS fjallar um kosningu í fastaráð. Þar er tiltekið að kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert ráð en stjórn geti ákveðið að fleiri séu í kjöri. Uppstillingarnefnd hefur kosið að túlka þetta þröngt, þannig að ef stjórn ákveður ekki annað þá séu einungis þrjú sæti í boði. Það var ekki upphaflegur tilgangur lagagreinarinnar, heldur að það væri að lágmarki þrír en ef fleiri væru í framboði þá mætti kjósa alla (upp að einhverju hámarki). Þessi lagabreytingartillaga reynir að leiðrétta þetta misræmi á skilningi. Einnig leggjum við til að afnema neðri mörk á aldri fyrir fulltrúa í fastaráði og miða frekar einungis við efri mörkin.

Núverandi grein:

...

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi á aldrinum 18-25 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega Ungmennanæþingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátaþings eða fundarboði Ungmennanæþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Verður:

...

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi yngri en 26 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír en að hámarki fimm í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega Ungmennanæþingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátaþings eða fundarboði Ungmennanæþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs. Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir.

Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

Lagabreytingatillagan sem kosið var um og samþykkt á Skátapingi 2024 með samþykktum breytingatillögum:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi **yngrri en 26** ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír **en að hámarki fimm** í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega Ungmennapingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. ~~Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði Ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.~~ Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir.

...

Varð:

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi **yngrri en 26** ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír **en að hámarki fimm** í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega Ungmennapingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir.

Flutningsaðili breytingatillögur:

Stjórn BÍS